

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

754. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 30. júlí 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Fundargerð félagsmálaráðs.
2. Bréf Umhverfisstofnunar.
3. Bréf Vegagerðarinnar
4. Bréf Siglingastofnunar.
5. Bréf Innanríkisráðuneytisins
6. Bréf Hlöðunnar ehf.
7. Bréf Mjólkurfélags Bæjarhrepps.
8. Úthlutun úr Húnasjóði.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram fundargerð 128. fundar félagsmálaráðs. Fundargerð i 5 liðum. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 16. júlí s.l. varðandi botnþéttingu og söfnun sigvatns á urðunarstað á Syðri Kárastöðum, gefinn er frestur til 17. ágúst til að svara erindinu. Byggðarráð samþykkir að sækja um lengri frest til að svara erindinu.
3. Lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 20. júlí s.l. svar við beiðni sveitarstjórnar um úrbætur á gatnamótum Hringvegur og Hvammstangavegar. Í svarinu kemur fram að Vegagerðin muni leggja mat á hvort og þá hversu miklar úrbætur séu nauðsynlegar, en ekki verði farið í neinar framkvæmdir á árinu 2012. Byggðarráð ítrekar þær kröfur sem settar eru fram í bréfi til Vegagerðarinnar dags. 2. júlí, um úrbætur við gatnamótin, en þær eru: stækkun á núverandi plani, uppbygging , úrbætur og merkingar á aðreinum og fráreinum tengd gatnamótunum og plani, auk merkinga á bifreiðastæðum fyrir almenning, rútur og stærri vöruflugningabíla. Gatnalýsing verði sett upp á þjóðvegi beggja vegna gatnamóta, inná Hvammstangaveg og á planinu sjálfu og uppbygging farþegaskýlis. Af hálfu byggðarráðs er þetta ófrávíkjanleg krafa því ljóst má vera að núverandi aðstaða við gatnamótin er alls óbodleg og getur stefnt öryggi vegfarenda og farþega í mikla tvísýnu verði ekki úr bætt. Að óbreyttu getur planið og gatnamótin á engan hátt gegnt því hlutverki sem því er ætlað er breyting verður á fyrirkomulagi almenningsamgangna á komandi hausti.
4. Lagt fram bréf Siglingastofnunar dags. 29. júní s.l. fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016. Umsóknarfrestur ríkisframlaga til framkvæmda er til 1. október n.k. Sveitarstjóra falið að skoða málið.
5. Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 12. júlí 2012, þar sem fram kemur að frestur til að sækja um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skv. bráðabirgðarákvæði 15. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er til 20. ágúst n.k. Sveitarstjóra falið að kanna hvort kennsla í Tónlistarskóla Húnaþings vestra falli undir ofangreindar reglur.
6. Lagt fram bréf Hlöðunnar ehf., þar sem óskað er eftir skýringu og rökstuðningi á því hvers vegna framkvæmdir við torgið „Brúarhvammm“ hafi ekki verið grenndarkynntar. Erindinu vísað til afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs.
7. Lagt fram bréf Mjólkurfélags Bæjarhrepps dags. 17. júlí 2012, þar sem óskað er eftir að fá aðstöðu í húsnæði barnaskólans á Borðeyri undir kæliskáp fyrir mjólkurvörur.

Byggðarráð samþykkir að heimila Mjólkurfélaginu að nota aðstöðu í anddyri í norðanverðu í húsinu, þar sem áður var gengið inn á skrifstofur Bæjarhrepps. Sveitarstjóra falið að gera samning við Mjólkurfélag Bæjarhrepps, í samræmi við umræður á fundinum.

8. Úthlutun úr Húnasjóði. Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húnasjóði. 15 umsóknir bárust. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnasjóði árið 2012:

Auðunn Ingi Ragnarsson, nemi í landfræði.

Benóný Þór Björnsson, nemi í sálfræði

Daníel Trausti Róbertsson, nemi í uppeldis- og kennslufræðum.

Leifur George Gunnarsson, nemi í hestafræðum, reiðkennaranám.

Sigurður Hólm Arnarson, nemi í leiklistarnámi.

Sigurður Helgi Oddsson, nemi í tónsmíðum, píanóleik og hljómsveitarstjórn.

Unnur Helga Marteinsdóttir, nemi í leikskólakennarafræðum.

Þórunn Helga Þorvaldsdóttir, nemi í leikskólakennarafræðum.

Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000

Sveitarstjóra falið að endurskoða úthlutunarreglur Húnasjóðs. Elín R. Líndal vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

9. Byggðarráð samþykkir að leiga Brekkubæjar á Borðeyri verði kr. 56.000 á mánuði. Leigan taki breytingum skv. neysluvísitölu eins og aðrar leiguíbúðir sveitarfélagsins.
10. Byggðarráð samþykkir úthlutun Garðavegar 20 n.h. til Valborgar Sonyu Guðríðardóttur Hassan.
11. Lagt fram til kynningar bréf Vegagerðarinnar um úthlutun styrkvega árið 2012 kr. 3.000.000. Landbúnaðarráði falið að gera tillögu að skiptingu fjárveitingarinnar á milli fjallskiladeilda.

Fundargerð upplasin

Fundi slitið kl: 15:56

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.